

Fundargerð 139. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf., haldinn þann 6. desember 2018, kl. 10.30 á skrifstofu Kadeco, Skógarbraut 946, 262 Reykjanesbæ.

Mættir:

Ísak Ernir Kristinsson, formaður stjórnar,

Hafsteinn Hafsteinsson,

Steinunn Sigvaldadóttir,

Marta Jónsdóttir, framkvæmdastjóri,

Anna Steinunn Jónasdóttir, verkefnastjóri, sem jafnframt ritaði fundargerð.

1. *Fundargerð síðasta fundar*

Borin upp, samþykkt og undirrituð.

2. *Reykjanesbær – Hlíðarhverfi.*

Framkvæmdastjóri kynnti fyrir stjórn beiðni frá Reykjanesbæ um að taka á leigu lóð í Hlíðarhverfi sem er í eigu Ríkissjóðs Íslands og Þróunarfélagið fer með fyrir hönd Ríkissjóðs. Stjórn samþykkti að ganga frá lóðarleigusamningi við Reykjanesbæ til 99 ára um viðkomandi íbúðahúsalóð og fól framkvæmdastjóra að vinna málið áfram.

3. *Ásbrú - forleiguréttur.*

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um stöðu mála vegna forleiguréttar Ásbrúar ehf. á lóðum á Ásbrú. Umræður.

4. *Aerotropolis. Kostnaðarmat verkefnis.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um vinnu KPMG við kostnaðargreiningu vegna Aerotropolis verkefnisins. Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

5. *Önnur mál.*

a. *Lokagreiðsla vegna eignasafns sem selt var Ásbrú ehf. í lok árs 2016.*

Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að Ásbrú ehf. hafi greitt eftirstöðvar kaupsamningsgreiðslu vegna eignasafnsins sem félagið keypti af Þróunarfélaginu í desember 2016. Stjórn lýsti ánægju sinni með áfangann.

b. *Smart airports ráðstefna.*

Stjórnarformaður upplýsti stjórn um gagnlega vinnustofu, Smart Airports, sem hann og framkvæmdastjóri Kadeco sóttu. Þótti hún afar vel heppnuð og upplýsandi.

SB
Hek

c. Fundarröð á nýju ári.

Umræður um nýjan fundartíma stjórnar.

Ekki fleiri erindi voru til umfjöllunar undir önnur mál.

Næsti stjórnarfundur verður haldinn í janúar á nýju ári.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.

Isak E. Kristinsson
Heldur E. Einarsson
Stjórnun og vaxtalæsi